

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 29. október 2025

Mál nr. E-377/2024:

Aron Nökkvi Erlendsson

(Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir lögmaður)

gegn

K6 veitingum ehf.

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 23. september sl., var höfðað 2. september 2024. Stefnandi er Aron Nökkvi Erlendsson, [...], [...], en stefndi er K6 veitingar ehf., [...], [...].
- Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 943.888 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 323.725 krónum frá 1. maí 2023 til 1. júní sama ár, af 585.857 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, en af 943.888 krónum frá þeim degi til greiðsludags.
Þá krefst stefnandi málskostnaðar, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- Stefnandi hóf á árinu 2020 störf sem matreiðslunemi á veitingastað stefnda á Akureyri. Hafði hann þá lokið 1. ári í matreiðslunámi og átta mánuðum af starfssamningi. Er stefnandi lét af störfum fyrir stefnda sumarið 2023 hafði hann klárað námssamning en átti ólokið 2. og 3. námsári í skóla. Aðilar gerðu ekki með sér skriflegan ráðningarsamning.
- Óumdeilt er að síðustu mánuðina í starfi hafi stefnandi farið að taka á sig meiri ábyrgð í störfum fyrir stefnda. Stefnandi heldur því fram að það hafi meðal annars falist í því að hann hafi fengið mannaforráð og séð um að manna vaktir á veitingastaðnum. Auk þess hafi hann borið almenna ábyrgð á vöktum líkt og vaktstjóri. Stefnandi mótmælir framangreindu og kveður hina auknu ábyrgð hafa komið til af því að stefnandi hefði staðið sig vel og stefnda hafi þótt hann eiga skilið tækifæri til þess að læra meira og bæta sig enn frekar í starfi. Hafi aukin ábyrgð stefnanda einkum falist í því að hann hafi tekið meiri þátt í skipulagningu vakta. Stefnandi hafi þó ekki haft neinar aðrar stjórnunarlegar skyldur eða haft mannaforráð af neinu tagi og því sé rangt að hann hafi gegnt starfi vaktstjóra. Samfara því að stefnandi tók á sig aukna ábyrgð hafi laun hans hækkað um 21%.

- 6 Fyrir liggur tilkynning frá fyrirsvarsmanni stefnda 28. mars 2023 í Facebook hópi starfsmanna um nýjan yfirkokk og um vaktstjóra í eldhúsi. Í þeirri tilkynningu kom meðal annars fram að Rhonjie Cisneros Catalan yrði aðstoðaryfirkokkur og vaktstjóri „og á móti honum. [Stefnandi] sem var að klára vinnutíman sinn sem matreiðslu nemi verður vaktstjóri á annari vaktinni [svo]“.
- 7 Í apríl 2023 fór stefnandi í vinnuferð til Barcelona fyrir stefnda. Stefnandi sagði upp starfi sínu hjá stefnda í lok sama mánaðar og lét hann af störfum í júní sama ár. Samkvæmt launaseðlum sem liggja fyrir var tímakaup stefnanda til og með febrúar 2023, í dagvinnu 2.326,40 krónur. Tímakaup með 33% vaktaálagi nam 3.094,11 krónum og með 45% vaktaálagi 3.373,28 krónum. Þá fékk stefnandi greitt orlof er nam 10,17% af launum. Frá og með mars 2023 var tímakaup stefnanda 2.824,24 krónur. Laun með 33% vaktaálagi námu 3.756,24 krónum, laun með 45% vaktaálagi námu 4.095,15 krónum og stórhátíðarkaup sem stefnandi fékk greitt í apríl og júní 2023 nam 6.099,94 krónum á tímann.
- 8 Eftir starfslok leitaði stefnandi til Matvæla- og veitingafélags Íslands (Matvís). Félagið sendi stefnda innheimtubréf 31. ágúst 2023. Í bréfinu var vísað til þess að stefnandi hefði starfað sem vaktstjóri á veitingastað stefnda og því átt að fá greidd lágmarkslaun miðað við flokkstjóra samkvæmt kjarasamningi Matvís og Samtaka atvinnulífsins en verið greitt miðað við tveggja ára fagnám. Auk þess hefði stefnandi ekki fengið greitt fyrir vinnuferð erlendis sem samið hefði verið um að hann fengi greidda. Var þess krafist að stefndi greiddi stefnanda ógreidd laun vegna apríl, maí og júní 2023, samtals að fjárhæð 743.888 krónur, og 200.000 krónur vegna vinnuferðar.
- 9 Lögmaður stefnanda ítrekaði kröfu stefnanda með kröfubréfi til stefnda 13. nóvember 2023. Með bréfi lögmanns stefnda 29. janúar 2024 til lögmanns stefnanda var kröfu stefnanda hafnað.
- 10 Með bréfi lögmanns stefnanda 8. mars 2024 til lögmanns stefnda var krafa um greiðslu vangoldinna launa og laun vegna vinnuferðar ítrekuð. Ekki náðist sátt milli aðila og var mál þetta sem fyrr segir höfðað 2. september 2024.
- 11 Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu og fyrirsvarsmáður stefnda, Einar Geirsson. Einnig komu fyrir dóminn Rhonjie Cisneros Catalan, Erlendur Hólmar Haraldsson, faðir stefnanda, Heiðdís Fjóra Pétursdóttir, eiginkona fyrirsvarsmanns stefnda og einn eigenda félagsins og Jón Heiðar Sveinsson, fyrrum yfirþjónn á veitingastað stefnda.

Málsástæður stefnanda

- 12 Stefnandi byggir á því að hann hafi ekki fengið greitt laun í samræmi við gildandi kjarasamning og ráðningarsamband aðila á starfstíma sínum hjá stefnda, frá apríl til loka júnímánaðar 2023. Auk þess hafi ekki verið greitt fyrir vinnuferð til útlanda í samræmi við samning þess efnis.
- 13 Stefnandi kveður kröfuna eiga stoð í meginreglum vinnuréttar um greiðslu launa og skyldur atvinnurekenda til að virða lágmarksréttindi samkvæmt kjarasamningi. Þá eigi

krafan stoð í meginreglum samninga- og vinnuréttar um skyldu til að efna gerða ráðningarsamninga og greiða laun í samræmi við ráðningarsamband aðila. Þar að auki eigi krafan stoð í meginreglu samningaréttar um að samninga beri að halda og efna samkvæmt efni sínu.

- 14 Stefnandi kveður greiðslu launa vera meginskyldu atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsambandi. Öll ákvæði í ráðningarsamningi sem kveði á um lægri starfstengdar greiðslur en kjarasamningar mæli fyrir um séu ógild. Laun og starfstengdar greiðslur stefnanda hafi ekki verið greiddar samkvæmt samningi aðila á gjalddaga og hafi stefndi því vanefnt ráðningarsamninginn. Atvinnurekanda beri því skylda til að greiða laun í samræmi við ráðningarsamband aðila og samkvæmt þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningur kveði á um. Til viðbótar við rétt laun og laun á uppsagnarfresti sé því gerð krafa um greiðslur sem fylgja skuli launum samkvæmt kjarasamningi og koma skuli til greiðslu við starfslok, þ.e. orlof.
- 15 Stefnandi sé í stéttarfélaginu Matvís og fari því um starfskjör hans eftir ákvæðum kjarasamnings Matvís við Samtök atvinnulífsins. Ekki sé hægt að miða við lægri kjör en sá kjarasamningur kveði á um, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 16 Krafa stefnanda samanstandi annars vegar af vangreiddum launum vegna þess að miðað hafi verið við rangan lágmarkstaxta samkvæmt kjarasamningi og hins vegar kröfu um greiðslu vegna vinnuferðar í samræmi við samning aðila og ákvæði kjarasamnings.
- 17 Stefndi hafi ekki greitt stefnanda laun í samræmi við þau lágmarkskjör sem honum hafi borið samkvæmt kjarasamningi á tímabilinu frá 1. apríl 2023 til og með 30. júní 2023. Samkvæmt kjarasamningi hafi laun stefnanda á tímabilinu átt að miða við taxtann „Flokkstjóri“, enda hafi stefnandi starfaði sem vaktstjóri á veitingastað stefnda. Stefnanda hafi hins vegar verið greidd laun miðað við tveggja ára fagnám án þess að tekið hafi verið tillit til stöðu hans sem vaktstjóra hjá stefnda.
- 18 Stefnandi kveður dagvinnulaun sín með réttu hafa átt að nema 3.845 krónum á tímabilinu frá 1. apríl 2023 til 30. júní 2023, í stað 2.824 króna. Laun með 33% álagi hafi þar með átt að nema 5.114 krónum í stað 3.756 króna og laun með 45% álagi 5.575 krónum í stað 4.095 króna. Þá hafi stórhátíðarkaup átt að nema 8.304 krónum í stað 6.100 króna sem miðað hafi verið við.
- 19 Stefnandi geri kröfu um leiðréttingu í samræmi við framangreint. Krafa vegna apríl 2023 nemi 293.842 krónum, krafa vegna maí 2023 nemi 237.934 krónum og vegna júní 2023 143.443 krónum. Samtals geri hann því kröfu um leiðréttingu launa á tímabilinu frá 1. apríl 2023 til og með 30. júní sama ár, að fjárhæð 675.219 krónur.
- 20 Stefnandi kveðst enn fremur gera kröfu um uppgjör orlofsréttinda sem hann hafi áunnið sér, með vísan til 8. gr. orlofslaga nr. 30/1987 og greinar 4.1 í kjarasamningi. Orlofsréttindi skulu samkvæmt orlofslögum og ákvæðum kjarasamnings að lágmarki nema 10,17% af launakjörum stefnanda. Hann geri því kröfu um leiðréttingu á orlofi frá 1. apríl 2023 til og með lokum júní sama ár, samtals að fjárhæð 68.669 krónur.

- 21 Stefnandi kveður aðila auk þess hafa samið um greiðslu á 200.000 krónum vegna vinnuferðar til útlanda. Hafi vitni verið að umræddu samkomulagi. Stefnandi kveður kröfu sína um greiðslu vegna ferðarinnar byggja á meginreglu samningaréttar um að samninga beri að halda og efna samkvæmt efni sínu. Munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum.
- 22 Stefnandi byggir kröfuna einnig á því að samkvæmt grein 3.3.4. í kjarasamningi skuli dagpeningagreiðslur til starfsmanna vegna ferða erlendis fylgja ákvörðunum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins hafi fyrirtæki ekki sérstakar reglur um greiðslu ferðakostnaðar. Samkvæmt því hafi vinnuveitanda borið að greiða allan kostnað, þ.m.t. kostnað vegna ferða til og frá flugvelli, fæði og önnur persónuleg útgjöld við ferð. Stefndi hafi ekki greitt allt upphald stefnanda á meðan á ferðinni hafi staðið.

Stefnandi kveður heildarstefnufjárhæð nema 943.888 krónum og sundurliðast sem hér segir:

Tegund greiðslu:	Tímabil:	Heildarfjárhæð:
Vangreidd laun	apríl 2023	kr. 293.842
Vangreidd laun	maí 2023	kr. 237.934
Vangreidd laun	júní 2023	kr. 143.443
Vangreitt orlof	apríl 2023	kr. 29.883
Vangreitt orlof	maí 2023	kr. 24.198
Vangreitt orlof	júní 2023	kr. 14.588
Greiðsla vegna vinnuferðar		kr. 200.000
Samtals:		kr. 943.888

- 23 Gjaldldagi launa sé um mánaðarmót og atvinnurekanda beri að greiða rétta fjárhæð á gjaldldaga. Ef það skorti upp á réttar greiðslur gildi sú regla samkvæmt almennum reglum fjármunaréttar að launamaður eigi rétt á leiðréttingu launa auk greiðslu dráttarvaxta frá gjaldldaga hvernar greiðslu til greiðsludags. Því sé krafist greiðslu launa og annarra greiðslna frá gjaldldaga hvernar greiðslu. Kröfur vegna apríl 2023 hafi verið á gjaldldaga 1. maí 2023 og beri dráttarvexti frá og með þeim degi, kröfur vegna maí 2023 hafi verið á gjaldldaga 1. júní 2023, o.s.frv. Miðað sé við að réttur gjaldldagi vegna greiðslna á meðan á vinnuferð hafi staðið sé 1. júlí 2023.
- 24 Miðað sé við að gjaldldagi orlofs sé við hver mánaðarmót enda hafi orlof í ráðningar-sambandinu verið gert upp um hver mánaðarmót. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu miðist upphaf dráttarvaxta af ógreiddum orlofi og vangreiddum launum því við hver mánaðarmót. Því sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 1. maí 2022 af vangreiddum launum og orlofi vegna apríl, frá 1. júní 2023 af vangreiddum launum og orlofi vegna maí o.s.frv. Innan kröfu stefnanda rúmist allar vaxtakröfur sem gangi skemur.

25 Krafa stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda er byggð á 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess er óskað að tekið verði tilliti til þess við málskostnaðarákvörðun að stefnanda beri að greiða virðisaukaskatt af þóknun lögmanns.

Málsástæður stefnda

26 Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur honum um vangreidd laun. Rangt sé að stefnandi hafi gegnt einhverskonar yfirmannsstöðu á starfstöðinni.

27 Stefndi kveðst hafa samið við stefnanda um að taka á sig aukna ábyrgð en því farið fjarri að um hafi verið að ræða stöðu sem jafna mætti við vaktstjóra eða flokkstjóra í skilningi kjarasamnings eða samkvæmt skilgreiningu í launatöflu. Samkvæmt launatöflu komi eftirfarandi fram um flokksstjóra: „Sveinar sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokksstjórn/vaktstjórn eða umsjón verka skv. skriflegum ráðningarsamningi en ganga jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna skulu fá greitt fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu“. Af þessu megi augljóslega ráða að stefnandi hafi ekki verið „flokksstjóri/vaktstjóri“ í þeim skilningi að hann hafi haft með höndum stjórnunarlega ábyrgð eða umsjón verka, fyrir utan þá staðreynd að hann hafi ekki verið sveinn á þessum tíma, enda ekki lokið sveinsprófi í matreiðslu. Kröfu stefnanda verði að skoða í þessu samhengi.

28 Stefndi kveður aldrei hafa staðið til að ráða stefnanda sem vaktstjóra með öllu sem því fylgi enda hafi hann hvorki haft þá reynslu, menntun eða þekkingu sem þurft hafi til að sinna því starfi á stórum veitingastað. Orðalag á Facebook-síðu starfsmanna breyti í þessu samhengi engu. Stefndi hafi ekki verið að gera annað en að gefa stefnanda tækifæri á því að auka við reynslu sína og þekkingu með því að taka á sig aukna ábyrgð.

29 Stefndi bendir á, og byggir á því sjálfstætt, að í raun hafi hann greitt stefnanda laun umfram kjarasamninga, með því að miða laun hans við tveggja ára fagnám þegar legið hafi fyrir að stefnandi hefði bara lokið fyrsta ári af námi sínu á þessum tíma. Stefndi hafi því ekki brotið gegn ákvæðum laga nr. 55/1980, sbr. m.a. 1. gr. laganna, enda hafi stefnandi notið betri kjara en hann hafi átt rétt á samkvæmt kjarasamningi á starfstíma sínum hjá stefnda.

30 Stefndi hafnar því alfarið að samið hafi verið um það með bindandi hætti að hann greiddi stefnanda 200.000 krónur aukalega vegna vinnuferðar til Barcelona, án frekari skilyrða eða skuldbindinga af hálfu stefnanda. Krafan eigi hvorki stoð í kjarasamningi né í samningi aðila. Stefnandi hafi fengið greidd full laun vegna ferðarinnar og ekki þurft að greiða fyrir gistingu eða fæði á meðan á ferðinni hafi staðið. Það sé því rangt sem fram komi í stefnu að stefndi hafi ekki greitt allt upphald á meðan á ferðinni hafi staðið. Þá hafi stefndi greitt flugfarið báðar leiðir fyrir stefnanda.

31 Stefndi byggir á því að stefnandi hafi hvorki sannað að samið hafi verið á þennan veg né heldur um hvað, t.a.m. hvort að umrædd greiðsla hafi verið háð frekara vinnuframlagi af hálfu stefnanda. Umrædd krafa sé með öllu órökstudd og ósönnuð, þannig að varði frávísun án kröfu. Sú skylda hvíli á stefnanda að sanna bæði tilvist og efni samningsins.

- 32 Stefnandi kveður aldrei hafa verið rætt um það fyrir ferðina að stefnandi fengi sérstaklega greitt, aukalega, vegna hennar eða stefnanda verið lofað aukagreiðslum. Stefnandi hafi verið á fullum launum alla ferðina og því ekki vanhaldinn í launum vegna hennar að neinu leyti. Engin skylda hafi hvílt á stefnda að greiða bónusgreiðslur af neinu tagi vegna ferðarinnar og það að hann kunnir að hafa greitt öðrum starfsmönnum slíkar greiðslur, skapi stefnanda engan rétt. Það hvort stefndi hafi haft í hyggju að greiða stefnanda eitthvað aukalega, umfram skyldu, skipti enn fremur ekki máli enda væri um einhliða ákvörðun hans að ræða.
- 33 Loks bendir stefndi á að stefnandi hafi ekki gert athugasemdir við kjör sín fyrr en eftir að hann hafði látið af störfum hjá stefnda. Stefnandi hafi fengið launaseðla um hver mánaðarmót og því haft tækifæri til þess að gera athugasemdir við kjör sín strax. Það hafi hann ekki gert og verði að bera hallann af tómlæti sínu.
- 34 Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar, einkum er varða skuldbindingargildi samninga og sönnunarkröfur er varða efni munnlegra samninga, sbr. meðal annars lög nr. 7/1936. Þá vísar stefndi til viðeigandi ákvæða kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Matvís og launatafla. Loks vísar stefndi til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- 35 Um kröfu um málskostnað vísar stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

- 36 Stefnandi krefst þess í máli þessu að stefndi verði dæmdur til að greiða honum vangreidd laun fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 2023, að fjárhæð 675.219 krónur, auk orlofs vegna sama tímabils að fjárhæð 68.669 krónum. Þá krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 200.000 krónur vegna vinnuferðar til útlanda á vegum stefnda.

Krafa um vangreidd laun

- 37 Stefnandi byggir á því að hann hafi starfað sem vaktstjóri á veitingastað stefnda og því átt rétt á launum flokkstjóra samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Matvæla- og veitingafélags Íslands (Matvís) frá 12. desember 2022.
- 38 Stefnandi mótmæli því að stefnandi hafi átt rétt á launum sem flokkstjóri samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi enda hafi stefnandi, þrátt fyrir aukna ábyrgð, í reynd ekki gegnt stöðu vaktstjóra eða flokkstjóra í skilningi samningsins auk þess sem stefnandi hefði ekki lokið sveinsprófi í matreiðslu.
- 39 Af ákvæðum 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, leiðir að laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um eru lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til og teljast samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör ógildir.
- 40 Ágreiningslaust er að um ráðningarsamband stefnda og stefnanda, sem var matreiðslunemi, gilti kjarasamningur milli Samtaka atvinnulífsins og Matvís frá 12.

desember 2022, um breytingu og viðbætur við aðalkjarasamning á milli sömu aðila og þá sérkjarasamninga sem teldust hluti hans. Tvær launatöflur fylgdu kjarasamningnum, með gildi frá 1. nóvember 2022. Í annarri var mælt fyrir um kauptaxta faglærðra starfsmanna og í hinni um kauptaxta iðnnema. Af gögnum málsins verður ráðið að fyrir 1. mars 2023 hafi laun stefnanda verið miðuð við kauptaxta iðnnema í fjögurra ára námi er lokið hafa þremur námsárum. Frá þeim tíma hafi laun stefnanda verið miðuð við laun fagmanna sem lokið hafa tveggja ára fagnámi, samkvæmt sérstakri námskrá. Hækkuðu dagvinnulaun stefnanda við þessa breytingu um rúm 21%.

- 41 Fjallað er um laun flokkstjóra í þeirri launatöflu kjarasamningsins sem tekur til faglærðra en þar kemur eftirfarandi fram: „Sveinar sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokkstjórn/vakstjórn eða umsjón verka skv. skrifl. ráðningarsamningi en ganga jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna skulu fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.“ Í kjölfarið kemur fram launataxti fyrir flokkstjóra sem er „MATVÍS félagi með sveinsréttindi“, þar sem laun fara stighækkandi eftir árafjölda frá sveinsprófi, og launataxti flokkstjóra sem er „MATVÍS félagi með a.m.k. 5 ára sveinsréttindi og meistararéttindi (eftir meistaraskóla) eða tvö sveinsbréf“. Miðar krafa stefnanda við að stefnda hafi borið að greiða honum grunnlaun flokkstjóra sem er „MATVÍS félagi með sveinsréttindi“.
- 42 Kauptaxta flokkstjóra sem er „MATVÍS félagi með sveinsréttindi“ er að finna í þeirri launatöflu kjarasamningsins er tekur til faglærðra starfsmanna. Samkvæmt framansögðu er þar kveðið á um kjör sveina sem falið er með samningi við vinnuveitanda stjórnunarleg ábyrgð til viðbótar við almenn störf iðnaðarmanna, og mælir fyrir um 15% hærri laun en þeim ella bæri samkvæmt kjarasamningi, það er sem faglærðum iðnaðarmanni án stjórnunarábyrgðar. Dómurinn fellst á það með stefnda að þar sem stefnandi hafði á því tímabili sem um ræðir ekki lokið sveinsprófi, geti hann ekki byggt launakröfu á fyrrgreindu ákvæði kjarasamningsins. Fær sú skýring jafnframt stoð í 14. kafla aðalkjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Matvís, frá 22. júní 2015, sem vísað er til í kjarasamningi sömu aðila frá 12. desember 2022, en í 9. grein þess kafla kemur fram að iðnnemar njóti sömu réttinda og hlunninda og ákveðin séu í samningnum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein svo sem fatapeninga, en ekki þeirra, sem áunnin eru eða umsamin fyrir meiri starfsmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð sveina. Þrátt fyrir að gögn málsins og framburðir vitna sem komu fyrir dóminn, einkum vitnisins Jóns Heiðars Sveinssonar, verði talin styðja þann málalíbúnað stefnanda að hann hafi haft á hendi stjórnunarlega ábyrgð vaktstjóra á annarri af tveimur vöktum á veitingastað stefnda, verður launakrafa stefnanda samkvæmt framansögðu ekki studd við kauptaxta flokkstjóra í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Matvís, enda hafði stefnandi á þeim tíma sem krafan tekur til ekki lokið sveinsprófi.
- 43 Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á að hann hafi í störfum fyrir stefnda notið lakari kjara en kjarasamningur kvað á um verður kröfu hans um vangreidd laun hafnað.

Krafa um vangoldið orlof

- 44 Krafa stefnanda um greiðslu á orlofi er leidd af framangreindi kröfu hans um leiðréttingu á launum, sem hefur verið hafnað. Verður því einnig að hafna kröfu hans um greiðslu á vangreiddu orlofi.

Krafa um sérstaka greiðslu vegna vinnuferðar

- 45 Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vanefnt munnlegt samkomulag þeirra um að stefnandi fengi greiddar 200.000 krónur vegna vinnuferðar til útlanda fyrir stefnda í apríl 2023. Stefndi mótmælir því að komist hafi á bindandi samningur um sérstaka greiðslu til stefnanda fyrir ferðina. Fyrir liggur að skömmu eftir ferðina sagði stefnandi upp störfum hjá stefnda.
- 46 Við aðalmeðferð málsins kom fram að stefndi hefði greitt allan kostnað og upphald vegna ferðar stefnanda og greitt honum full laun. Krafa stefnanda er um viðbótargreiðslu fyrir ferðina sem hann byggir eingöngu á munnlegu samkomulagi við stefnda.
- 47 Fyrir dómi skýrði stefnandi frá því að áður en hann hefði farið í umrædda ferð fyrir stefnda hefði hann samið munnlega við Einar Geirsson, fyrirsvarsmann stefnda, um að hann fengi annars vegar greidd full laun fyrir ferðina og hins vegar viðbótargreiðslu að fjárhæð 200.000 krónur. Einnig hefði komið fram á fundi sem hann og faðir hans hefðu átt með Einari 23. maí 2023 að hann fengi borgaðar 200.000 krónur fyrir ferðina. Fyrir dómi bar Einar um að á fundi sem hann hefði átt með stefnanda og föður stefnanda hafi hann sagt að hann hefði ætlað að greiða stefnanda 200.000 krónur fyrir þessa ferð en að hann sæi ekki ástæðu til að greiða honum það. Neitaði Einar því að samið hefði verið um slíka greiðslu áður en ferðin var farin.
- 48 Erlendur Hólmur Haraldsson, faðir stefnanda, bar um fyrir dómi að á fyrrgreindum fundi hefði Einar að fyrra bragði sagt að hann væri að fara að borga stefnanda 200.000 krónur fyrir þessa ferð. Lýsti Erlendur því að þegar stefnandi hefði verið beðinn um að koma í ferðina hefði stefnandi heyrt af því að hann fengi eitthvað fyrir ferðina en ekki áður heyrt upphæð.
- 49 Samkvæmt framansögðu ber aðilum ekki saman um hvenær fyrst hafi verið rætt um sérstaka greiðslu til stefnanda fyrir ferðina, hvenær tiltekin upphæð hafi verið nefnd í því sambandi né hvað komið hafi fram af hálfu fyrirsvarsmanns stefnda við það tækifæri. Verður hvorki fyrrgreindur framburður föður stefnanda, né sú staðreynd að annar starfsmaður stefnda í ferðinni hafi fengið sérstaka greiðslu fyrir ferðina, talinn fela í sér sönnun um tilvist og efni samkomulags á milli stefnanda og stefnda.
- 50 Að mati dómsins verður stefnandi ekki talinn hafa fært sönnur á að komist hafi á samningur milli aðila um að hann fengi séstaka greiðslu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir umrædda ferð. Verður þessari kröfu stefnda því einnig hafnað.
- 51 Samkvæmt öllu framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Í ljósi stöðu aðila, meðal annars þess að stefndi gekk ekki frá skriflegum ráðningarsamningi við stefnda, sbr. einnig 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður verði felldur niður.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, K6 veitingar ehf., er sýkn af kröfu stefnanda, Arons Nökkva Erlendssonar.

Málskostnaður fellur niður.